

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

3

21. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. okt. 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1950.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. janúar 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

4

26. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttekta á vistum til skipa þeirra, er sildveiðar stunda sumarið 1949, vegna sildveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*